

Nd.

324. Nefndarálit

[151. mál]

um frv. til laga um innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hl. n., fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, vill samþykkja frv., en við undirritaðir fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks erum andvígir frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lagt verði á nýtt innflutningsgjald á brennsluolíu, 1330 kr. á hvert tonn. Áætlað er að gjald þetta gefi ríkissjóði um 580 milljónir króna á ári.

Þær ástæður eru tilfærðar fyrir tillögu um þetta nýja gjald, að ríkissjóður tapi söluskattstekjum af brennsluolíum til fiskiskipa, ef svonefndur Olíusjóður verður lagður niður, eins og nú er ráðgert, og þurfi ríkissjóður þá á nýjum tekjustofni að halda í staðinn.

Söluskattur var felldur niður af olíum til húsaþyngingar fyrir nokkru, og ætlunin var að söluskatturinn yrði einnig felldur niður af olíum til fiskiskipa.

Fjármálaráðherra hefur heimild í lögum til að fella niður söluskatt á olíu. Við teljum að þá heimild eigi að nota og fella formlega niður söluskatt á olíum til fiskiskipa eins og ráðgert hafði verið, en erum því mótfallnir að tekin verði upp ný skattlagning á alla brennsluolíu, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Við leggjum því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Lúðvík Jósepsson,
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.